



Fundur í fagdeild sjúkraflutningamanna LSS

Haldinn á skrifstofu LSS, Brautarholti 30

18/5/16

Mættir: Njáll Pálsson (NP), Anton Berg Carrasco (AC), Kristján Sigfússon (KS), Ingólfur Birgir Bragason (IB), Gunnar M. Baldursson (GB) og Guðmundur Guðmundsson (GG).

Forföll: Gústav Alex Gústavsson (GAG).

Gestir: Stefán Pétursson formaður LSS.

Fundur settur 10:30, fundargerð ritar NP

Skipan í embætti og verkaskipting:

Njáll - formaður, fagráð sjúkraflutninga, verkefnahópur vegna fagháskólavinnu og sameiginlegrar þjálfunarmiðstöðvar fyrir björgunar- og viðbragðsaðila, verkefnahópur vegna vinnuferlavinnu.

Anton – varaformaður, fagráð sjúkraflutningaskólans, verkefnahópur vegna nýs sjúkraflutninganáms.

Kristján - staðgengill Náls í fagráði sjúkraflutninga, fagráð sjúkraflutningaskólans (tekur við af NP), verkefnahópur vegna nýs sjúkraflutninganáms, verkefnahópur vegna vinnuferlavinnu (stýring)

Ingólfur - verkefnahópur vegna vinnuferlavinnu, verkefnahópur vegna rafrænnar sjúkraskrár, tölvumál almennt.

Gústaf Alex - faghópur vegna bíla- og búnaðarmála.

Gunnar - fulltrúi LSS í skyndihjálparráði Íslands, vinnuhópur vegna kjarasamningsgerðar fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn og endurbóta á starfsumhverfi, samstarfsverkefni ásamt fulltrúum fjármála- og heilbrigðisráðuneytis (bókun 2).

Guðmundur - ritari, tölvumál almennt.



Öðrum verkefnum mun svo vera úthlutað eftir þörfum, stjórnarmenn hafa svo aðkomu að málefnum eftir því sem þörf er á.

Fundargerðir:

Síðasta fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fundargerðir síðasta starfsárs einnig yfirfarðar með hliðsjón af núverandi stöðu mála og framtíðarsýn. GG: skýra betur titla/skráarheiti fundargerða, setja inn dagsetningar. Samþykkt af öllum, mikilvægt uppá skilvirkni og aðgengi.

Ályktanir frá síðasta þingi:

Ályktun um utanspítalþjónustu kynnt, samþykkt að senda á Alþingi og fjölmiðla. Umræður um heilbr.stefnu sem er í smíðum í heilbrigðisráðuneyti fagdeild vill meiri upplýsingar og komast að borðinu. NP gengur í það. Gott tækifæri núna að koma sjónarmiðum að.

Ályktun varðandi vinnuferla fyrir sjúkraflutningamenn og bráðataekna lesin. Samþykkt. Sjá nánar undir sérstökum lið um vinnuferla. Vangaveltur með nafngift og sérstaka tilgreiningu bráðataekna í henni. NP ber ábyrgð á henni og útskýrir: í reglugerð eru sjúkraflutningamenn og bráðataeknar aðgreindir, þó svo að bráðataeknar séu sjúkraflutningamenn en með framhaldsmenntun á háskólastigi. Í vinnuferlum er greint á milli þessara aðila hvað ábyrgð varðar og heimildir til inngripa í sjúklingameðferð og lyfjagjöf. NP telur að jákvætt geti verið að tilgreina sérstaklega bráðataekna til að styrkja væntanlega fjölgun þeirra og umræður þar um í stjórnkerfinu.

Ályktun varðandi kjör hlutastarfandi sjúkraflutningamenn. Gunnar M. Baldursson, með málið. Ríkið búið að tilnefna Styrmi Sigurðarson, yfirmann sjúkraflutninga á suðurlandi og Gísla Björnsson, yfirmann sjúkraflutninga á vesturlandi í vinnuna. Elsa B. Friðfinnsdóttir hefur einnig verið nefnd sem fulltrúi heilbrigðisráðuneytis. GB mun upplýsa fagdeild um gang mála. Málið á höndum stjórnar LSS og vinnuhóps verkefnisins. Fundarmenn sammála um að verkefnið sé mjög brýnt og mikilvægt að vel sé haldið á málum.

Ályktun um stoðkerfi, lesin og samþykkt. Komið til fagráðs sjúkraflutninga, Njáll og Birgir Finsson (fulltrúi rekstraraðila í fagráði sjúkraflutninga) með málið.

Ályktun varðandi rafræna sjúkraskrá í utanspítalþjónustu, lesin, málið hjá fagráði sjúkraflutninga, ábyrgð hjá yfirlækni utanspítalþjónustu, sérstakur vinnuhópur sem í er fulltrúi



landlæknis. Ingólfur kynnir hugmynd um forrit *Help tracker*, samstarf við *Remake*. Hægt að tengja við SÁBF kerfi. Fagdeild vill koma Ingólfi í vinnuhóp um rafræna sjúkraskrá. Fundarmenn á einu máli um að rafræn sjúkraskrá sé algjört forgangsmál. Fagdeild mun fylgjast vel með verkefninu og styðja það eins og frekast er unnt.

Ályktun um fræðslu og þjálfunaraðstöðu fyrir slysavarna- og björgunaraðila. Ákveðið að nýta hana í frekari uppbyggingarvinnu í menntunar og þjálfunarmálum. Sérstök nefnd mun vinna að því, skipuð af formanni LSS og starfa náíð með stjórn LSS sem og fagdeildunum.

Ályktun varðandi starfsemi Sjúkraflutningaskólans. Stefán formaður er að láta kanna raunverulegt fjármagn til skólans. Fagdeildin vill fylgja ályktuninni eftir að fullum þunga.

Matarhlé 12:15 – 13:00

Vinnuferlar:

Ákveðið að Kristján S, Ingólfur Bragason, Sigurjón Valmundarson og Valdimar Gunnarsson starfi saman að fyrsta áfanga uppfærslu vinnuferlanna (endurlífgun og háls/hrygg). Kristján mun leiða hópinn og málin tekinn föstum tókum. Skoða hvað aðrar þjóðir eru að gera. Umræður um form vinnuferlanna. Rafræn uppfærsla með reglulegri endurskoðun. Gefa líka út vasabók. Áframhaldandi vinna í haust og áætluð verklok í maí 2017.

Menntunarmál:

Nýtt nám farið af stað og það kynnt. Grunnur + modular, tímabundið starfsleyfi til þriggja ára að grunni loknum og fullt starfsleyfi að modulum loknum.

Vankanntar: farið af stað með námið ekki tilbúið. Bókin góð, glærur ekki góðar. Ekki nægur tími til námsgagnagerðar. Ekki var farið af stað með upphaflegar hugmyndir, féllu ekki í góðan jarðveg hjá stéttinni og rekstraraðilum. 3ja anna nám. Tregða í kerfinu að breyta starfsleyfa málum.

Kostir: Uppfært námsefni með möguleika á national registry (NR) hæfi fyrir Bandaríkin, hyggi fólk á bráðatæknánám þar.

Vantar gæðastjórnun. Ekki gott að fara af stað með óljósa stefnu.



Umræður um hversu langt eigi að ganga í heimfærslu við íslenskar aðstæður. Ákveðinn kostur við erlendar tengingar.

Hvar myndi þjálfun og fræðsla vegna neyðaraksturs eiga heima, setja í grunnnámið.

Verður að vera kominn góð beinagrind áður en næsta grunnám fer af stað. Skoða vel reynslu af fyrra námskeiði og laga hnökra. Mikilvægt að fulltrúi fagraðs skólans leiði vinnu og hafi gæðastjórnun á verkefninu.

Skoða mjög alvarlega hvernig færa megi grunnám nær skólakerfinu og meta einingabærni þess. Setja jafnvel inn í forkröfur heilbrigðistengda áfanga í framhaldsskólakerfinu. Slíkar breytingar og aukningu á kröfum verður að vinna í öruggum skrefum og í takt við burði þjónustunnar, sem í dag er illa skilgreind og naumt rekin.

Laga verður umhverfi skólans. Auka verður sjálfstæði hans bæði faglega og fjárhagslega. Rekstrarumhverfi verður að vera skýrt og burðugt. Sjá ályktun LSS um sjúkraflutningaskólann.

Gríðarlega brýnt að laga reglugerðar umhverfi, starfsleyfi.

Hugmyndir um fagháskóla kynntar. Fagdeildin telur fjölgun bráðatækna nauðsynlega.

Nauðsynlegt að skilgreina kerfi betur. Fjarlækningar mikið til umræðu og hvernig þær muni nýtast í utanspítalaþjónustu.

Marka verður stefnu, hvaða leið yrði best. Breska leiðin flott. Skoða vel samlegðar áhrif heilbrigðisstétta.

Ákveðið að semja bréf vegna fagháskóla hugmynda með vísan í þá vinnu sem unnin hefur verið og skýrslur.

Endurmenntun/viðhaldsþjálfun, kennslu/þjálfunarbíll

NP kynnir hugmynd um sérútbúinn kennslu/þjálfunarbíll. Einsog sjúkrabíll með vönduðum hermidúkkum (fullorðins/barna/öndunarvegahaus). Dagljóst er að efla verður endurmenntun og viðhaldsþjálfun, bíllinn ásamt búnaði yrði öflugt innlegg í þá uppbyggingarvinnu. NP kynnir einnig hugmynd um sérstakan söfnunarreikningur í nafni LSS. Hlutverk hans yrði að safna fjárframlögum til eflingar utanspítalaþjónustu á Íslandi og fyrsta verkefni kennslu/þjálfunarbíll. Gott pr mál fyrir stéttina.



Bíla/búnaðarmál:

Greinargerð faghóps. Reglugerð, vinnueftirlit. Fá iðjubjálfa til að skoða (masters nemi-greiðsla). Njáli falið að kanna möguleika á að LSS styrki það og rekstraraðilar.

Ákveðið að vinna góða undirbúningsvinnu. Vinnuumhverfi, c bílar. Antoni falið að skoða aðkomu vinnueftirlits.

Önnur mál:

Námsstefna maí 2007. Langt um liðið síðan LSS stóð síðast fyrir slíkum viðburði. Rætt frekar á næsta fundi.

Sálfræðingur. Sérfræðingur að utan. Áfallastreituröskun og sálræn streita, lúmskt og alvarlegt vandamál viðbragðsaðila. Njáll kynnr mögulegt samstarfsverkefni hlutaðeigandi aðila, halda sameiginlegan fræðsludag með ýmsum viðbragðsaðilum og heilbrigðiseiningum. NP mun vinna frekar áfram.

Heilbrigðisstefna! Aðkoma okkar. NP vinnur áfram og upplýsir eftir gangi mála. Næsti fundur í fagraði sjúkraflutninga mánudaginn 23/5/16. Vonast er til að línur skýrist þar.

Ingólfur kynnr forrit fyrir rafræna skrá, sem er hannað af honum sjálfum. Armband, sjúklingateljari. Forgangsmál að koma Ingólfi í vinnuhóp rafrænnar sjúkraskrár.

Næsti fundur fyrirhugaður á haustmánuðum.

Fundi slitið 15:10